

Eftirfarandi grein var sótt af Tímarit.is þann 25. september 2024 klukkan 08:46

Titill

Útilegumennirnir og þjóðin.

Höfundur

Gunnar Benediktsson (1892-1981)

Tímarit

Eimreiðin

46. Árgangur 1940

2. Hefti

Bls. 122-128

Vefslóð

<https://timarit.is/gegnir/991004512549706886>

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn á og rekur Tímarit.is. Safnið áskilur sér engan rétt á því myndefni sem birtist á vefnum. Öll endurnot á stafrænum myndum af efni sem fallið er úr höfundarrétti eru heimil án endurgjalds eða leyfis frá safninu.

Birting á Tímarit.is á efni í höfundarrétti er skv. samningi við réttihafa. Safnið á því ekki höfundarrétt að efni sem birt er á vefnum. Öll endurnot, bæði á texta og stafrænum myndum, á efni sem enn er í höfundarrétti eru því óheimil án leyfis viðkomandi réttihafa.

Útilegumennirnir og þjóðin.

Eftir Gunnar Benediktsson.



Gunnar Benediktsson.

I.

Í gegnum fornmenjarnar les-um við sögu liðinna kynslóða. Steingervingar í jörðu niðri segja okkur þróunarsögu lífsins á jörðunni, gamlar rústir fræða okkur um húsaskipanir á löngu liðnum tímum, gamlir munir flytja erindi um ýmsar siðvenjur og listhæfni kynslóðanna, sem gerði þá.

Þjóðsögurnar eru ein tegund fornmenja. Þær færa okkur mynd af andlegu lífi þjóðarinnar, eins og það hefur verið á ýmsum tímum hennar. Í þeim sjáum við, hvernig þjóðin hugsaði, hverju hún trúði,

hverjar voru siðgæðishugmyndir hennar, hverjar þrár hennar og heitastir draumar.

Við höfum átt og eigum marga þjóðsagnasafnendur, og hvert safnið kemur af öðru á hverju einasta ári, og enginn efar, að þessir safnendur vinni þjóðþrifaverk. En það er með þjóðsagnasöfnun okkar eins og ef fornmenjarækt okkar væri ekki í öðru fólgin en að safna saman fornum munum, ógrynnis-ósköpum, þar sem hvert einasta bygðarlag á landinu legði sitt til á hverju einasta ári, og öllum þessum munum væri stilt í belg og biðu og ekkert við þá gert annað en að láta þá liggja til sýnis og lofa hverjum sem er að virða þá fyrir sér, án allrar hjálpar til skýringar frá sérfróðum mönnum.

Okkur vantar þjóðsagnavörð, okkur vantar kunnáttumann

í því að safna þjóðsögum, vera leiðbeinanda sjálfboðaliðanna, sem eru úti um allar sveitir og liggja ekki á liði sínu. Okkur vantar sérfræðing í því að flokka þessar sögur og þýða þær fyrir þjóðinni. Hvaða drættir í sögu liðinna kynslóða eru það, sem dregnir eru fram í þessari og þessari sögu og í hvaða sambandi getur þessi og þessi saga staðið í við kunna þætti úr sögu hennar og hvaða sálræn öfl hreyfa sér á bak við?

Þess gætir mjög í þjóðsagnasöfnum okkar, að hugmyndir manna um það, hvað þjóðsögur eru, eru mjög óákveðnar. Þær eru jöfnum höndum sögur um Grýlur og Leppalúða, um útilegumenn, drauga, sem eyða bygðum og ganga hauslausir um sveitirnar, álfa og huldufólk, og svo sögur um drauma, sem nútímamenn hefur dreymt og eitthvað þykja einkennilegir. En nú virðist það deginum ljósara, að draumur, sem mig dreymir, er engin þjóðsaga, og gildir þar um einu máli, um hvað sá draumur er, og þótt draumur minn komi bókstaflega fram næsta dag, þá er hann ekkert meiri þjóðsaga fyrir það. Það væri heldur engin þjóðsaga, þótt ég sæi dauðs manns svip og heyrði hann tala. Það er yfirleitt engin þjóðsaga, hvað sem fyrir mig kann að bera í vöku eða svefni og ekki heldur, þótt ég væri með óráði og fyrir mig bæru tómar skynvillur.

En sú meinloka virðist loða við, að þjóðsögur séu eingöngu kynjasögur og kynjasögur yfirleitt séu þjóðsögur. En þetta er hinn mesti misskilningur. Þjóðsögur eru þær sögur, sem lifað hafa á vörum þjóðarinnar um lengri eða skemri tíma, sögur, sem fólkið sjálft hefur búið til, enginn einstaklingur, heldur þjóðin sjálf. Ýmist hefur hún byggt á meira eða minna sönnum munnum, eða hún hefur fengið þær frá öðrum þjóðum, en gert þær að kjörbörnum sínum. Sögur þessar eru sál af sálu þjóðarinnar, hafa vaxið með henni og þolað kyrking harðæris og drepsóttu. Þetta eru þjóðsögur, án tillits til þess, um hvað þær eru.

En sögum þessum ber að skipa í flokka, svo sem gert hefur verið í hinum fullkonnari þjóðsagnasöfnum, t. d. Þjóðsögum Jóns Árnasonar, en þó eftir öðrum reglum. Það er ófullnægjandi að skifta þeim eftir því, á hvaða sviði þær gerast, t. d. útilegumannasögur, draugasögur, forynjusögur, sögur um drauma, spádómssögur og þess leiðis. Fyrst ber að gera mun

á þjóðsögu og munnmælasögu, en því tvennu virðist mjög vera ruglað saman nú á tímum. Sundurlausar frásagnir um forfeður okkar 3. og 4. kynslóðar eru oftast alls engar þjóðsögur, þótt þær séu að einhverju orðnar fjarlægjar hinum upprunalegu staðreyndum. Sögurnar um þá Viðborðsselsfeðga Ólaf og Sigurð, eru munnmælasögur austur í Hornafirði, sem enn er hægt að rekja skref fyrir skref, hvernig borist hafa. Til skamms tíma voru uppi menn, er höfðu tal af Þorláki Sigurðssyni, sem var viðriðinn líflát smalans frá Svínafelli. Svona sögur geta orðið þjóðsögur, en þá fer staður og stund að verða aukaatriði málsins. Þjóðsagan á að hafa skilyrði til að staðbindast til og frá um alt land, lifir ekki fyrst og fremst á tengslum við ættingja og afkomendur þeirra, sem við söguna eru riðnir, heldur á tengslum við þjóðarsálina sjálfa.

Í flokkun þjóðsagna ber fyrst og fremst að taka tillit til þess, af hvaða sviðum sálarlífsins þær eru sprotnar. Sumar eru trúarlegs eðlis, þar á meðal fjöldinn allur af draugasögnum. Af sögum þeim, sem eru trúarlegs eðlis, fáum við fræðslu um trúarlegar hugmyndir þjóðarinnar. Sögur þessar hafa verið fólkinu raunverulegs eðlis, uppruni þeirra margra raunveruleg reynsla, og þær ganga manna á milli sem sannar sögur og voru í samræmi við það, sem fólkið áleit að átt gæti sér stað, eða gátu sveigst á ýmsa vega til samræmis við það. Aðrar eru og meir sýnishorn af óskum fólksins en trú þess, og nokkur hluti þeirra vitandi hugsmiðar og hreinn skáldskapur. Sögur þær, sem flytja okkur óskadraumanna fólksins, eru einkum um álfa og huldufólk, en sá flokkur sagna liggur jafnframt inn á trúarsviðið. Aftur á móti eru útilegumannasögurnar, sem einnig eru af sviðum óska- og draumalífsins, fyrst og fremst skáldskaparlegs eðlis, og ætla ég að fara um þær nokkrum orðum út frá því sjónarmiði.

II.

Útilegumannasögurnar eru óskadraumar íslenzku alþýðunnar. Heimkynni útilegumannanna eru draumalönd hennar. Það eru gróðursælir dalir, á rennur eftir miðjum dalnum, og á bökkum hennar eru slétt engjalönd. Í dölum þessum fellur aldrei snjór niður fyrir miðjar hliðar, og sauðirnir, sem ganga

þar, eru svo stórir og feitir, að þeir leggja sig með fjóra fjórðunga mörs og þaðan af meira, og sauðir sveitamanna geta gengið undir kviði þeirra.

Á þessum slóðum gerast sögur útilegumannanna, þar sem rættast björtustu draumar bóndans um hin fullkomnustu landgæði. Bygðamaðurinn kemst í kynni við þessar bygðir og íbúa þeirra af ýmsum ástæðum. Stundum eru það ferðamenn milli Norðurlands og Suðurlandsins, sem lenda í villum, og þá oftast annaðhvort sendimenn biskupanna milli Hóla og Skálholts, eða vertiðarmenn. Stundum eru það fjárleitarmenn, sem vantar fé af fjalli, eða það hefur alt í einu horfið úr heimahögum. Og ekki kemur það sjaldan fyrir, að meyjar hverfa úr bygðum, og fara þá bræður þeirra eða unnustar að leita þeirra og leita þá til fjalla og hitta þær um síðir í bygðum útilegumannanna. Í flestum sögunum er flest það að finna, sem æskumaðurinn lætur sig dreyma um. Í sambandi við útilegumennina gefst honum kostur á að sýna hreysti sína. Þrátt fyrir tröllaukna burði útilegumannsins, þá ber bygðamaðurinn hærri hlut í þeirra viðskiftum, með ráðkænsku, ef ekki vill betur til. Þá er í heimum útilegumannanna ráðnir hjartfólgnustu draumar sveitaæskunnar um staðfestu og fjárforræði. Mikill hluti sagnanna endar á því, að söguhetjurnar úr sveitinni kvænast, ýmist bygðastúlku, sem rænt hefur verið af útilegumönnunum og bygðahetjan losar úr ánauðinni við að drepa útilegumennina, og svo taka þau allar eignir illvirkjanna og byrja bú niðri í sveitinni með fullar hendur fjár, — eða söguhetjurnar giftast dætrum útilegumannanna sjálfra. Voru menn þá oft vélaðir inn í óbygðir með kindahvarfi, þokum og illviðrum, af því að útilegumennirnir girtust tengdir við þá, eins og Jón bóndason frá Möðrudal. Voru ýmiskonar æfintýri í sambandi við það, áður en alt var komið í kring, dráp heiftúðugra meðbiðla og annara, sem á vegi vildu verða. En að lokum fór sagan vel, bygðahetjan giftist dóttur útilegumannsins. Svo dó útilegumaðurinn venjulega fljótlega, en ungu elskendurnir fóru niður í sveitina, úr óbygðinni, með fullar hendur fjár og reistu bú á einhverju stórbýli sveitarinnar og lifðu vel og lengi og voru mikils metin í sínu héraði.

Þannig er uppistaðan í flestum veigameiri útilegumannasögunum. Þær eru spennandi, láta söguhetjurnar komast í

miklar hættur, ekki talið saka, þótt manndráp séu nokkur. En þær fara yfirleitt vel, hinir verstu og grimmustu meðal útilegumannanna eru drepnir, einkum þeir, er gera sig seka í einhverjum óhæfuverkum, svo sem kvennaráni og kvennanauðgun til hjúskaparháttá, morði og mannakjötsáti. En betri útilegumennirnir sættast við bygðamenn og tengjast þeim vináttu- og sífjaböndum, og þá fyrst er sögunni venjulega lokið, þegar allir góðir og ungir menn, er við sögu koma, eru komnir í hina hjartaþráðu hjúskaparhöfn.

Í útilegumannasögunum kemur ljóslega fram, hvernig viðhorf þjóðarinnar hefur verið gagnvart þessum sakamönnum, sem raunverulega voru til á ýmsum tímum og ýmsum stöðum uppi um óbygðir, í trássi við lög og rétt, og miður notalegir nágrannar bygðabænda. Þjóðsögurnar herá þess vitni, að þrátt fyrir alt hafa þeir með sér samúð þjóðarinnar. Heimili þeirra í óbygðunum eru tíðum hin snyrtilegustu, bæirnir eru „reislegir“, innanhúss lýsir alt „þrifnaði og kurteisi“, „alt var haglega smíðað, hreint og þokkalegt“, „var fólk þetta hvorki ómennilegt né búnaður þess“, og mennirnir eru karlmannlegir og oft og tíðum hinir drengilegustu. Í sögunum rekst maður hvergi á harða dóma um tilefni útleðarinnar. Hugarpel alþýðunnar gagnvart þessum útlögum kemur skýrt í ljós í sögunni af stúlkunni frá Galtalæk. Hún var numin af útilegumönnum, og höfðu þeir hana nauðuga í haldi í tólf ár. Að lyktum sá hún sér leik á borði, er þeir komu þrekaðir heim og bar þar göng öll full af við og fyrir alla glugga kesti mikla, sló eldi í, og fórust þar allir útilegumennirnir, en hún komst til bygða. Sagan endar með þessum niðurlagsorðum: „En illa mæltust fyrir verk hennar. Var hún hvergi vel látin og var gæfulitil til dauðadægurs.“

Þá vil ég benda á söguna af Árna á Hlaðhamri. Það er snildarlega hvöss og beizk árás á kúgun feðranna yfir ástalífi barna þeirra. Árni synjaði Jóni vinnumanni ráðahags við Guðrúnu dóttur sína, af því að hann var of látækur, en þau unnust heitt og höfðu heitið hvort öðru eiginorði. Þau flýja til fjalla, til að geta notist og grafa innan hól til íbúðar. Árni leggur fé til höfuðs Jóni, leitar þeirra og finnur þau að lokum, ræðst að mannum, þar sem hann las í bók og vaggaði barni þeirra

hjóna, stakk hann með hnífi sínum átján stungur og skildi hann eftir með lífsmarki. Dóttur sinnar vitjaði hann ekki fyrri en að viku liðinni, og hafði hún allan þann tíma setið við bana-beð elskhuga síns með barn sitt á brjósti. Potturinn stóð á eld-lausum hlóðum, og nýborin kýrin hafði ekki verið mjólkuð og var að dauða komin af hungri. Þegar Árni hafði hlotið dauðadóm fyrir morðið, þá reis dóttir hans upp, lagði fram í réttinum hnífinn, sem Jón hafði verið stunginn með til bana, og gerði þá kröfu, að föður hennar yrði dæmdur sami dauð-dagi og hann hafði valið Jóni, og yrði síðan líkami hans brendur til ösku, því að sárara kvað hún brunnið hafa hjarta sitt, er hún sat yfir Jóni dauðum. Þessum dómi var síðan full-nægt, og þannig var dómur þjóðarinnar yfir þeim, er kúga vildu ástartilfinningar barna sinna og hindruðu það, að unn-endur fengju að njótast.

III.

Í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar eru tvær útilegumanna-sögur, sem vart geta heitið þjóðsögur, heldur munnmælasögur. Það er saga Fjalla-Eyvinds og saga Hellismanna. Báðar bera það með sér, að reynt er að halda við frásögnum, sem taldar eru sannsögulegar og þjóðin hefur ekki gert að sínum sögum á þann veg að láta þær túlka skoðanir sínar og dóma á fyrir-bærunum, samúð sína og andúð með þeim, er við sögu koma. Þó er Hellismannasaga að færast til þjóðsagnanna með tveim viðaukasögulokum. Í aðalsögunni er talið, „að bóndasonurinn frá Kalmanstungu hafi með tímanum orðið albata af sárum sínum og sezt að búi í Kalmanstungu eftir föður sinn, og hafi dáið þar í góðri elli“. En „aðrir segja, að hann hafi sýkst stuttu eftir dráp Hellismanna, og hafi enginn getað læknað hann. Hann hafi lifað mörg ár við örkuml og seinast rotnað lifandi, eða visnað upp, áður hann dó“.

Hér er þjóðin farin að segja álit sitt á málinu. Og dómur hennar er sami í þessu efni og gagnvart stúlkunni frá Galta-læk, nema enn strangari. Níðingsskapurinn við útilegumenn-ina er látinn hefna sín og nú með þeim andstyggilegasta dauðdaga, sem fólkið gat hugsað sér: svikarinn rotnaði lifandi. En það eitt gat þjóðin ekki látið sér nægja. Útilegumennirnir

sjálfir þurftu að fá uppreisn, þeir þurftu sjálfir að geta komið hefndum sínum fram. Því „segja aðrir öðruvísi frá“. Hetjan, sem bjargaði sér á handahlaupunum upp á hæstu gnípu Eiriks-jökuls, eftir að höggvinn hafði verið af honum fóturinn, komst af landi burt, „og varð uppgangsmaður mikill“. Hann kemur síðan upp til landsins með kaupskipi, þar sem á var mikill varningur og góður, og sá varningur var næst því að vera gefinn, en ekki seldur. Þá var Eiríkur klæddur rauðum kirtli, og það var eitt hið mesta tignarmerki í klæðaburði. Og þegar bóndinn í Kalmanstungu kom um borð, þá tók Eiríkur í hann, rak alla aðra landsmenn í land og sigldi þegar á haf út með Kalmanstungubóndann. En eigi vissu menn, hverja hegningu hann hafði fengið.

Hér er alþýðuskáldskapurinn kominn í algleymi. Hinn ógæfusami og hrausti útilegumaður verður eigi aðeins ríkur og voldugur maður, sem nær að hefna harma sinna á eiðrofanum. Sakamaðurinn er einnig gerður að hinni hæstu siðgæðishugsjón, sem þjóðin átti: hann kom með mikinn og góðan varning og seldi hann ódýrt.

Sagan af Fjalla-Eyvindi er aftur á móti hrein munnmælasaga og verður sennilega aldrei annað. Eitt af frægustu skáldum þjóðarinnar reisti á þeim munnmælum listaverk, sem ekki er ósennilegt, að verði eitt af hinum sígildu verkum, sem sam-in hafa verið á íslenska tungu. Og það gerðist á þann veg, að skáldið lagði sálfræðilegar skoðanir sínar inn í munnmælasöguna og gaf þeim að leiksviði auðnir og hrikaleik og harðneskju íslenzku óbygðanna. En útilegumannasögur þjóðsagnanna eru margar hverjar í raun rétttri samskonar listaverk. Það er fólkið sjálft, sem hefur hjálpað hvert öðru til að búa til listaverk, þar sem fjallabygðirnar hafa verið leiksviðið, ekki auðar og harðneskjulegar, eins og Jóhann Sigurjónsson þekti þær og mannlífið sömuleiðis, heldur frjósamar og kjarnmiklar, eins og draumalönd alþýðunnar. Og þessar sögur eru listaverk, af því að fólkið lagði í þær drauma sína um hjarta framtíð og skoðanir sínar og siðgæðishugmyndir, sem voru mildar og hlýjar gagnvart olnbogabörnum þjóðfélagsins, en grimmar og hefndum þrungnar gagnvart niðingum hverskonar.